Reykjavíkurborg

Reykjavík, 4. apríl 2022
USK22030177

Borgarráð

Nýbyggingahverfi 2022.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir í nýbyggingahverfum 2022. Um er að ræða verkefni í Úlfarsárdal, Reynisvatnsási, Norðlingaholti, Sléttuvegi, Brekknaás og Esjumelum.
Kostnaðaráætlun 2 vegna þessara verkefna er samtals m.kr. 1.100 m.kr.

Greinargerð:
Um er að ræða eftirfarandi framkvæmdir:

- Úlfarsárdalur. Framkvæmdir eru m.a. gangstéttar, stígagerð og ræktun í takti við uppbyggingu íbúðabyggðar. Við Úlfarsbraut, við Dalskóla og bókasafn verður lokafrágangur við stoðveggi, setpalla og gróðursetningu.
- Reynisvatnsás. Framkvæmdir við gerð gangstétta og stíga.
- Norðlingaholt. Færsla á rampa frá Breiðholtsbraut, frágangur á hljóðmönum, gerð göngu- og hjólastígs og steypt stétt við Elliðabraut.
- Sléttuvegur. Framkvæmdir eru við gerð gönguleiða og frágang í hverfinu.
- Brekknaás. Framkvæmdir við gatna- og stígagerð á þéttingareit sem afmarkast af Brekknaás, Selásbraut og Vindás.
- Esjumelar. Gatnagerð vegna nýrra atvinnulóða.

Framkvæmdir þessar mynda stofn til gatnaleigu.
Kostnaðaráætlun 2: 1.100 m.kr.
Kostnaðarstaður: 3104

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Hjálagt
Kynning

2022

NÝBYGGINGAHVERFI

YFIRBORÐSFRÁGANGUR OG GRÓÐURSETNING

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

LÝSING Á FRAMKVÆMD

UM ER AÐ RÆÐA GATNAGERÐ OG ÝMIS KONAR YFIRBORÐSFRÁGANG Í NÝBYGGINGARHVERFUM SVO SEM:

- GATNAGERÐ
- GANGSTÉTTIR
- GÖNGU- OG HJÓLASTÍGAR
- TORG OG BÍLASTÆÐI
- MALBIKUN
- JÖFNUN YFIRBORÐS, GRÓÐURSETNING OG RÆKTUN.

KOSTNAÐAR-ÁÆTLUN

ÚLFARSÁRDALUR	200 MKR
REYNISVATNSÁS/GRAFARHOLT	20 MKR
ESJUMELAR	650 MKR
NORÐLINGAHOLT	100 MKR
BREKKNAÁS – 1. ÁFANGI	100 MKR
SLÉTTUVEGUR	30 MKR
SAMTALS	**1100 MKR**

FRAMKVÆMDATÍMABIL ER MAÍ – NÓVEMBER

ÝMSAR FRAMKVÆMDIR

ÚLFARSÁR-DALUR

Í TAKT VIÐ ÞRÓUN BYGGÐAR ERU GERÐAR GANGSTÉTTIR OG STÍGAR ÁSAMT ÖÐRUM YFIRBORÐSFRÁGANGI OG GRÓÐURSETNINGU Í HVERFINU.

NEÐAN VIÐ ÚLFARSBRAUT VIÐ DALSKÓLA VERÐUR LOKA-FRÁGANGUR Á STOÐVEGGJUM ÁSAMT SETPÖLLUM, STÍGUM OG GRÓÐURSETNINGU.

LJÓSM.: SIGURÐUR ÓLAFUR SIGURÐSSON

ÝMSAR FRAMKVÆMDIR

ÚLFARSÁR-DALUR VIÐ LEIRTJÖRN

Í TAKT VIÐ ÞRÓUN BYGGÐAR ERU GERÐAR GANGSTÉTTIR OG STÍGAR ÁSAMT ÖÐRUM YFIRBORÐSFRÁGANGI OG GRÓÐURSETNINGU Í HVERFINU.

LJÓSM.: SIGURÐUR ÓLAFUR SIGURÐSSON

REYNIS-VATNSÁS

GERÐ GANGSTÉTTA SAMHLIÐA UPPBYGGINGU HVERFIS.

LJÓSM.: SIGURÐUR ÓLAFUR SIGURÐSSON

NORÐLINGA-HOLT

FÆRSLA Á RAMPA FRÁ BREIÐHOLTSBRAUT INN Á N1 BENSÍNSTÖÐ.

FRÁGANGUR Á MÖNUM.

GERÐ GÖNGU- OG HJÓLASTÍGS MILLI LÓÐA VIÐ ELLIÐABRAUT OG MANA.

STEYPT STÉTT MEÐFRAM ELLIÐABRAUT.

BREKKNAÁS

FRAMKVÆMDIN FELUR Í SÉR GATNA-GERÐ OG JARÐVEGSSKIPTI Í GÖNGU-LEIÐUM Á ÞÉTTINGARREIT SEM AFMARKAST AF BREKKNAÁS, SELÁSBRAUT OG VINDÁS.

VERKIÐ VERÐUR UNNIÐ Í TVEIMUR ÁFÖNGUM. Í FYRSTA ÁFANGA SEM UNNIN ER Á ÞESSU ÁRI SNÚA FRAM-KVÆMDIR AÐ ÞVÍ AÐ GERA LÓÐIRNAR Á REITNUM BYGGINGARHÆFAR.

FRAMKVÆMDIN STYÐUR VIÐ STEFNU REYKJAVÍKURBORGAR UM ÞÉTTINGU BYGGÐAR OG UPPBYGGINGU ÓDÝRRA LEIGUÍBÚÐA OG ER SAMSTARFS-VERKEFNI MEÐ VEITUM, LJÓSLEIÐARANUM OG MÍLU.

ESJUMELAR

FRAMKVÆMDIN FELUR Í SÉR GATNAGERÐ UM 750M AÐ LENGD Í SAMRÆMI VIÐ NÝTT DEILISKIPULAG. FRAMKVÆMDIN ER SAMSTARFSVERKEFNI MEÐ VEITUM.

FRAMKVÆMDIN ER HLUTI AF VERKEFNUM SEM HEYRA UNDIR UPPBYGGINGU ATVINNULÓÐA Í BORGINNI.

VIÐ ÞESSA FRAMKVÆMD VERÐA LÓÐIR VIÐ BRONSSLÉTTU 1 TIL 7 OG NORÐURGRAFVEGUR 6 OG 8 BYGGINGARHÆFAR.

SLÉTTU-VEGUR

GERÐ GANGSTÉTTA ÁSAMT ÖÐRUM YFIRBORÐSFRÁGANGI Í HVERFINU.

LJÓSM.: SIGURÐUR ÓLAFUR SIGURÐSSON

TAKK FYRIR